Markaðsupplýsingar

Lánamál ríkisins

Lánamál ríkisins – Kalkofnsvegi 1 – 150 Reykjavík – vefsíða: lanamal.is – Netfang: lanamal@lanamal.is

10. tbl. 16. árg. október 2015

Útboð ríkisvíxla

Þann 11. september sl. var haldið útboð á 3ja (RIKV 15 1215) og 6 mánaða (RIKV 16 0315) ríkisvíxlum. Útboðsfyrirkomulag var hefðbundið, lægsta samþykkta verð réð söluverði (hæstu flatir vextir). Alls bárust 9 gild tilboð í 3ja mánaða flokkinn að fjárhæð 3.875 m.kr. að nafnverði og var 6 tilboðum tekið fyrir 3.425 m.kr. Samþykkt verð í útboðinu var 99,011 sem samsvarar 3,95% flötum vöxtum. Í 6 mánaða flokkinn bárust alls 3 gild tilboð að fjárhæð 6.115 m.kr. að nafnverði og var þeim öllum tekið. Samþykkt verð var 98,290 sem samsvarar 3,44% flötum vöxtum.

Samkvæmt upplýsingum frá aðalmiðlurum keyptu innlendir aðilar mest af því sem selt var í 3ja mánaða víxlinum eða fyrir 2,4 ma.kr. Erlendir aðilar keyptu því sem næst allt sem selt var í 6 mánaða víxlinum.

Útboð ríkisbréfa

Þann 4. september sl. var haldið útboð óverðtryggðra ríkisbréfa í flokknum RIKB 20 0205. Útboðsskilmálar voru hefðbundnir þar sem lægsta samþykkta verð (hæsta samþykkta ávöxtunarkrafa) réð söluverði útboðsins. Alls bárust 8 gild tilboð í RIKB 20 0205 að fjárhæð 1.500 m.kr. að nafnverði og var 7 þeirra tekið fyrir samtals 1.400 m.kr. Samþykkt verð í útboðinu var 100,850 sem samsvarar 6,01% ávöxtunarkröfu. Aðalmiðlurum bauðst sem fyrr að kaupa allt að 10% af andvirði þess sem selt var í útboðinu á söluverði samþykktra tilboða og nýttu þeir sér ekki kaupréttinn í RIKB 20 0205 að þessu sinni.

Samkvæmt upplýsingum frá aðalmiðlurum keyptu innlendir aðilar allt sem selt var í útboðinu.

Rétt er að hafa í huga að hér er um bráðabirgðaupplýsingar að ræða og þær geta verið bjagaðar. Það er vel mögulegt að innlendur aðili óski f.h. erlendan viðskiptavin að aðalmiðlari sendi inn tilboð án þess að aðalmiðlarinn viti hver sé endakaupandinn. Í framangreindu tilviki flokkar aðalmiðlarinn kaupandann í útboðinu sem innlendan aðila. Tölur sem fegnar eru frá Verðbréfaskráningu Íslands og eru birtar í töflu á bls. 7 leiðrétta fyrir þessu.

Útboð ríkisbréfa sem fyrirhugað var hinn 18. september var fellt niður.

Skuldabréfamarkaður í september

Ávöxtunarkrafa styttri óverðtryggðra ríkisbréfa lækkaði um 0,3% í september á meðan krafa þeirra lengri lækkaði um 0,2-0,3%. Þessa lækkun má meðal annars skýra með aukinni nýfjárfestingu erlendra aðila, birtingu fjárlagafrumvarps sem gefur til kynna minnkandi útgáfuþörf ríkisins á næstu árum og mýkri tón í yfirlýsingu peningastefnunefndar í ágúst varðandi frekari vaxtahækkanir vegna betri verðbólguhorfa en spáð var. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra ríkis- og íbúðabréfa hækkaði á sama tíma um 0,1-0,3% sem aðallega má rekja til batnandi verðbólguhorfa frá því í ágúst sem valda því að fjárfestar færa sig úr verðtryggðum bréfum yfir í óverðtryggð. Styrking íslensku krónunnar undanfarið hefur þar mikil áhrif auk þess sem fyrir liggur að afnema eigi tolla af fatnaði og skóm næstkomandi áramót sem hefur áhrif til lækkunar á neysluverðsvísitölunni.

Velta skuldabréfa

Velta skuldabréfa í kauphöllinni Nasdaq á Íslandi í september jókst á milli ára. Þannig nam veltan 228 ma.kr. í september samanborið við 170 ma.kr. í fyrra. Þegar veltutölur skuldabréfa í í kauphöllinni eru skoðaðar nánar kemur í ljós að það sem af er þessu ári

Efnisyfirlit

Markaðsskuldabréf, eiginleikar
Skuldir ríkissjóðs
Eigendur
Verðbréfalán, endurgreiðsluferill og viðskipti með ríkisverðbréf í NASDAQ á Íslandi
Útboð ríkisvíxla
Vaxtaferlar
Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa
Niðurstöður útboða
Niðurstöður síðustu útboða
Vaxta- og gengisþróun
Ríkisábyrgðir

Útgáfa ríkisbréfa á þriðja ársfjórðungi 2015

Skuldabréfaflokkar Fjárhæðir í ma. kr.	*Hámark*	*Raun útgáfa*
RIKB 17 0206	7	3,5
RIKB 20 0205	7	5,8
RIKB 25 0612	5	5,0

Útgáfa ríkisbréfa á árinu m.v. 30. september 2015

Almenn útboð

Skuldabréfaflokkar Fjárhæðir í ma. kr.	*Söluverð*
RIKB 17 0206	19
RIKB 20 0205	8
RIKB 25 0612	5
RIKB 31 0124	10
Samtals	43

Gjaldeyrisútboð

Skuldabréfaflokkar Fjárhæðir í ma. kr.	*Verðbætt söluverð*
RIKS 33 0321	0,4
Samtals	0,4
Samtals útgefið á árinu	44

Upplýsingar í þessu riti koma frá Seðlabanka Íslands og upplýsingaveitum sem taldar eru áreiðanlegar.

Upplýsingar miða við síðustu mánaðamót, nema annað sé tekið fram.

Lánamál ríkisins ábyrgjast ekki hugsanlegar villur eða misritanir í Markaðsupplýsingum.

Allar ábendingar um efni sem birt er í riti þessu má senda á lanamal@sedlabanki.is

eru einungis 3% af veltunni vegna bréfa útgefnum af öðrum en ríkissjóði og Íbúðarlánasjóði. Má því með sanni segja að ríkistryggð bréf haldi uppi skuldabréfamarkaði eins og verið hefur frá stofnun kauphallarinnar. Velta skuldabréfamarkaðar nam 1.440 ma.kr. yfir fyrstu 9 mánuði ársins, sem er 26% hækkun frá sama tímabili í fyrra þegar veltan nam 1.142 ma.kr. Velta óverðtryggða bréfa var rúmlega 77% af heildarveltunni á meðan velta verðtryggða bréfa nam 23%. Velta íbúða- og húsnæðisbréfa nam 9% og velta verðtryggða ríkisskuldabréfa nam 11%.

Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs - fjórði ársfjórðungur 2015

Þann 30. september var birt ársfjórðungsáætlun í lánamálum fyrir fjórða ársfjórðung 2015. Skv. ársáætlun í lánamálum er markmiðið að gefa út ríkisbréf fyrir 55 ma.kr. á yfirstandandi ári. Sala ríkisbréfa hefur gengið vel það sem af er þessu ári en búið er að selja ríkisbréf fyrir 43,5 ma.kr. að söluvirði. Á fjórða ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf fyrir allt að 12 ma.kr. að söluvirði og er áformað að gefa út í eftirfarandi flokkum: RIKB 17 0206, RIKB 20 0205 og RIKB 25 0612.

Innlausn RIKS 15 1001 (SP 95 1.fl. D 20 ár)

Þau tímamót urðu þann 1. október að innlausn var á skuldabréfaflokknum RIKS 15 1001, sem er síðasti markflokkurinn í núverandi skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs sem upphaflega var gefin út í pappírsformi. Á gjalddaga voru bréf í flokknum fyrir 23 ma.kr. Flokkurinn var „rafvæddur“ um aldamótin, en þó aldrei að fullu þar sem nokkrir eigendur hlutdeildarskírteina í flokknum héldu í pappírsbréfin. Flokkurinn var upphaflega gefinn út í þremur pappírseiningum þ.e. 100.000, 1.000.000 og 10.000.000 króna einingum og var Friðrik Sophusson þáverandi fjármálaráðherra skráður útgefandi bréfanna f.h. ríkissjóðs Íslands. Skuldabréfið var til 20 ára, verðtryggt en vaxtalaust. Flokkurinn var seldur í útboðum með forvaxtafyrirkomulagi sem þýðir að bréfið var selt með afföllum með svipuðum hætti og gildir með sölu víxla. Fyrsta útboðið var haldið í september 1995 og bárust þá tilboð fyrir 3,5 ma.kr. að nafnverði en tekið var tilboðum fyrir 1,5 ma.kr. að nafnverði á genginu 0,315587. Tuttugu árum síðar var innlausnarverðið 2,491642. Á þessum 20 árum hefur hefur verðgildi bréfa sem seld voru í fyrsta útboðinu því sjöfaldast vegna forvaxta og verðbóta sem hafa safnast upp á tímabilinu.

Erlendir aðilar

Erlendir aðilar héldu áfram að auka eign sína í ríkisskuldabréfum í september, þó einna helst á lengri endanum. Þannig jókst eign þeirra um rúmlega 8 ma.kr. í mánuðinum og hafa þeir því aukið stöðu sína um rúmlega 34 ma.kr. á síðustu fjórum mánuðum, eða frá því tilkynnt var um aðgerðir til losunar fjármagnshafta (mynd 1). Í lok mánaðarins nam eign þeirra 23% af útistandandi ríkisbréfum og 47% í ríkisvíxlum. Þennan aukna kaupáhuga má einna helst rekja til þess að vaxtamunur á Íslandi er nú meiri en í helstu viðskiptalöndum á sama tíma og krónan hefur aðeins verið að styrkjast. Einnig hefur staða þjóðarbúsins farið batnandi sem endurspeglast best í hærri einkunnargjöf frá matsfyrirtækjum á greiðsluhæfi íslenska ríkisins sem stuðlað hefur að aukinni eftirspurn frá erlendum fjárfestum.

Þegar þróun á eignarhaldi erlendra fjárfesta í ríkisverðbréfum er skoðuð á mynd 2, kemur í ljós að mikil aukning hefur verið í eign þeirra í óverðtryggðum ríkisbréfum síðastliðin fimm árin. Á sama tíma hefur eign þeirra í verðtryggðum bréfum farið minnkandi. Þessi mikla eftirspurn frá erlendum aðilum í óverðtryggð ríkisbréf hefur stuðlað að því að krafan á óverðtryggðum bréfum hefur lækkað mikið undanfarna mánuði.

Umsjón með útgáfu

Auður Gústafsdóttir
audur.gustafsdottir@sedlabanki.is

Björgvin Sighvatsson
bjorgvin.sighvatsson@sedlabanki.is

Davíð Sigurjónsson
david.sigurjonsson@sedlabanki.is

Hafsteinn Hafsteinsson
hafsteinn.hafsteinsson@sedlabanki.is

Kjartan Hansson
kjartan.hansson@sedlabanki.is

Laufey B. Ómarsdóttir
laufey.b.omarsdottir@sedlabanki.is

Oddgeir Gunnarsson
oddgeir.gunnarsson@sedlabanki.is

Ábyrgðarmaður


Sturla Pálsson
sturla.palsson@sedlabanki.is



Mynd 1


Nettó kaup fjárfesta

31. maí - 30. september 2015



Mynd 2

Breyting á eignarhaldi erlendra aðila í ríkisverðbréfum



Staða ríkisábyrgða

Staða ríkisábyrgða var 1.168 ma.kr. í lok ágúst 2015. Á bls. 12 eru birtar frekari upplýsingar um ríkisábyrgðir.

Markaðsskuldabréf, eiginleikar

Innlendar markaðsskuldir

Flokkur	*ISIN*	*Útgáfudagur*	*Innlausnar-dagur*	*Vextir, %*	*Greiðslu-tegund*	*Meðaltími í árum**	*Lánstími í árum*
Ríkisvíxlar							
RIKV 15 1015	IS0000025807	15.4.2015	15.10.2015	0,00	Kúlubréf	0,04	0,04
RIKV 15 1116	IS0000025922	15.5.2015	16.11.2015	0,00	Kúlubréf	0,13	0,13
RIKV 15 1215	IS0000025989	15.9.2015	15.12.2015	0,00	Kúlubréf	0,21	0,21
RIKV 16 0115	IS0000026052	15.7.2015	15.1.2016	0,00	Kúlubréf	0,30	0,29
RIKV 16 0215	IS0000026094	15.8.2015	15.2.2016	0,00	Kúlubréf	0,38	0,38
RIKV 16 0315	IS0000026177	15.9.2015	15.3.2016	0,00	Kúlubréf	0,46	0,46
Óverðtryggð ríkisbréf							
RIKB 16 1013	IS0000020253	22.10.2010	13.10.2016	6,00	Kúlubréf	0,98	1,04
RIKB 17 0206	IS0000025591	6.2.2015	6.2.2017	5,00	Kúlubréf	1,31	1,35
RIKB 19 0226	IS0000017077	26.2.2008	26.2.2019	8,75	Kúlubréf	2,97	3,41
RIKB 20 0205	IS0000024453	5.2.2014	5.2.2020	6,25	Kúlubréf	3,80	4,35
RIKB 22 1026	IS0000020717	26.10.2011	26.10.2022	7,25	Kúlubréf	5,50	7,07
RIKB 25 0612	IS0000019321	12.6.2009	12.6.2025	8,00	Kúlubréf	7,18	9,70
RIKB 31 0124	IS0000020386	24.1.2011	24.1.2031	6,50	Kúlubréf	9,95	15,32
RIKH 18 1009	IS0000019453	2.9.2009	9.10.2018	Br. vext.	Kúlubréf	0,08**	3,03
Verðtryggð ríkisbréf							
RIKS 15 1001	IS0000000081	29.9.1995	1.10.2015	Vaxtalaust	Kúlubréf	0,00	0,00
RIKS 21 0414	IS0000020014	14.4.2010	14.4.2021	3,80	Kúlubréf	5,03	5,54
RIKS 30 0701	IS0000020576	1.7.2011	1.7.2030	3,25	Kúlubréf	11,99	14,75
RIKS 33 0321	IS0000021251	21.3.2012	21.3.2033	3,00	Kúlubréf	13,81	17,47
Meðaltal markflokka						4,6	6,7

* Macaulay.
** Ef síðustu vextir flokksins væru festir fram að gjalddaga, þá væri meðaltími: 2,83.

Erlendar markaðsskuldir

Flokkur	*ISIN*	*Útgáfudagur*	*Innlausnar-dagur*	*Vextir, %*	*Greiðslu-tegund*	*Meðaltími í árum**	*Lánstími í árum*
GBP 14,5% 31 Jan 2016	GB0004556113	15.1.1981	31.1.2016	14,500	Kúlubréf	0,33	0,34
USD 4,875% 16 Jun 2016	USX3446PDH48	16.5.2011	16.6.2016	4,875	Kúlubréf	0,71	0,71
USD 5,875% 11 May 2022	USX34650AA31	11.5.2012	11.5.2022	5,875	Kúlubréf	5,63	6,61
EUR 2,5% 15 Jul 2020	XS1086879167	15.7.2014	15.7.2020	2,500	Kúlubréf	4,56	4,79
Meðaltal markflokka						4,1	4,6

* Macaulay.

Vaxtaskiptasamningar

Lokagjalddagi	*Ríkissjóður greiðir*	*Ríkissjóður fær, %*	*Nafnverð (m. EUR)*
15.7.2020	6M Euribor	0,791 p.a.	250

Skuldir ríkissjóðs

Innlendar skuldir ríkissjóðs 30. september 2015 í m.kr.

Flokkur Ríkissvíxlar	*Nafnverð í upphafi mánaðar*	*Áfallnar verðbætur*	*Sala/ innlausn, nafnverð*	*Nafnverð m/áföllnum verðbótum í lok mánaðar*	*Lánstími í árum*	*Markaðs-verð*	*Hlutfall af innlendum skuldum*
RIKV 15 0915	7.654		-7.654	0			
RIKV 15 1015	5.780			5.780	0,04	5.772	0,5
RIKV 15 1116	12.725			12.725	0,13	12.668	1,2
RIKV 15 1215	0		3.425	3.425	0,21	3.397	0,3
RIKV 16 0115	231			231	0,29	229	0,0
RIKV 16 0215	700			700	0,38	690	0,1
RIKV 16 0315	0		6.115	6.115	0,46	6.020	0,6
Samtals	27.090			28.976	0,20	28.777	2,6
Óverðtryggð ríkisbréf							
RIKB 16 1013	69.523			69.523	1,04	69.662	6,4
RIKB 17 0206	19.523			19.523	1,35	19.327	1,8
RIKB 19 0226	87.723			87.723	3,41	95.342	8,0
RIKB 20 0205	34.821		1.400	36.221	4,35	36.891	3,3
RIKB 22 1026	58.613			58.613	7,07	63.654	5,4
RIKB 25 0612	91.663			91.663	9,70	107.159	8,4
RIKB 31 0124	88.806			88.806	15,32	95.911	8,1
RIKH 18 1009 *	212.911			212.911	3,03	213.333	19,5
Samtals	663.584			664.984	5,81	701.278	60,8
Verðtryggð ríkisbréf							
RIKS 15 1001	9.296	13.862		23.158	0,00	23.158	2,1
RIKS 21 0414	60.934	11.867		72.801	5,54	64.691	6,7
RIKS 30 0701	62.348	9.019		71.367	14,75	67.412	6,5
RIKS 33 0321	34.172	3.737		37.909	17,47	34.169	3,5
Samtals	166.750	38.485		205.236	10,32	189.429	18,8
Útgáfa skuldabréfs v. Seðlabanka Íslands **				143.044	14,21		13,1
Aðrar skuldir ríkissjóðs ***				52.323	7,48		4,8
Innlendar skuldir samtals				1.094.562	7,68		100,0

* Eiginfjárframlag ríkisins til fjármálastofnanna.
** Óverðtryggt lán með jöfnum afborgunum til ársins 2043.
*** Stærsti hlutinn er verðtryggt lán ríkisins vegna Landsvirkjunar og yfirteknar ríkisábyrgðir.

Erlendar skuldir ríkissjóðs

Flokkur		*Útgefið nafn-verð (milljónir)*	*Eftirstöðvar nafnverðs*	*Nafnverð ISK (m.kr.)*	*Lánstími í árum*
Erlend skuldabréf					
GBP 14,5% 31 Jan 2016		30	28	5.495	0,34
USD 4,875% 16 Jun 2016	(MTN)	1.000	503	64.149	0,71
USD 5,875% 11 May 2022		1.000	1.000	127.650	6,61
EUR 2,5% 15 Jul 2020	(MTN)	750	750	107.378	4,79
Samtals				304.671	4,61
Erlendar skuldir samtals				304.671	4,61

Markaðsupplýsingar

LÁNAMÁL RÍKISINS

Heildarskuldir ríkissjóðs í m.kr.


	Nafnverð með áföllnum verðbótum	*Veginn lánstími*
Óverðtryggðar skuldir	837.004	7,05
Verðtryggðar skuldir	257.558	9,74
Erlendar skuldir	304.671	4,61
Samtals	1.399.233	7,02
Hlutfall skulda af vergri landsframleiðslu*		63,6

* Verg landsframleiðsla er miðuð við spá Seðlabanka Íslands í nýjasta hefti *Peningamála*.


Heildarskuldir að frádregnum endurlánum og sjóðsstöðu ríkissjóðs í m.kr.

	Nafnverð með áföllnum verðbótum
Endurlán og sjóðsstaða í seðlabanka	
Óverðtryggð endurlán	5.798
Verðtryggð endurlán	111.796
Erlend endurlán	30.188
Innlend sjóðsstaða	105.850
Erlend sjóðsstaða	279.622
Samtals	533.253
Hrein skuld	
Óverðtryggðar skuldir	725.356
Verðtryggðar skuldir	145.762
Erlendar skuldir	-5.138
Hrein skuld ríkissjóðs	865.979
Hlutfall hreinna skulda af vergri landsframleiðslu	39,4


Þróun skulda ríkissjóðs




Skipting lánasafns ríkissjóðs



Skipting lánasafns ríkissjóðs 2002-2015



Meðallánstími lánasafns ríkissjóðs




Eigendur

Eigendur ríkisverðbréfa 30. september 2015*


Nafnverð í m.kr.	*RIKB 16*	*RIKB 17*	*RIKB 19*	*RIKB 20*	*RIKB 22*	*RIKB 25*	*RIKB 31*	*RIKH 18*	*RIKS 15*	*RIKS 21*	*RIKS 30*	*RIKS 33*	*Alls*	*Víxlar alls*
Innlendir aðilar														
Bankar og sparisjóðir	367	1.502	4.810	1.631	1.643	2.212	1.567	199.565	81	1.180	0	0	214.559	0
Bankar í slitameðferð	3.886	0	404	0	0	0	0	0	418	0	0	0	4.708	11.900
Ýmis lánafyrirtæki	0	0	0	0	0	0	0	4.539	0	3.800	11.550	12.590	32.479	0
Verðbréfa- og fj.sjóðir	1.945	4.640	11.471	11.478	8.828	3.826	4.351	760	1.213	20.365	9.021	413	78.312	1.249
Lífeyrissjóðir	260	2.210	12.839	8.098	25.611	61.453	70.020	2.036	4.781	21.859	39.711	5.187	254.065	0
Fyrirtæki	2.849	1.486	4.797	3.693	4.106	1.687	2.290	732	1.092	6.768	345	1.443	31.288	2.100
Einstaklingar	1.042	242	3.922	168	1.107	2.130	56	0	652	4.116	393	4.228	18.057	21
Aðrir	5.067	1.623	1.869	1.613	1.481	4.378	503	403	180	4.889	290	2.160	24.455	150
Erlendir aðilar	56.552	8.831	49.190	10.931	18.792	20.701	14.041	4.876	149	697	1.037	8.051	193.846	13.556
Samtals	71.967	20.533	89.301	37.611	61.568	96.387	92.829	212.911	8.567	63.673	62.348	34.072	851.767	28.976

* Verðbréfalán frá útgefanda til aðalmiðlara koma til hækkunar.


Eigendur ríkisbréfa 30. september 2015*




Eigendur ríkisvíxla 30. september 2015*



Eigendur markflokka ríkisverðbréfa 30. september 2015*




Lánstími eignasafns erlendra aðila í ríkisverðbréfum 30. september 2015*




* Upplýsingar á þessari síðu byggja á gögnum frá Verðbréfaskráningu Íslands og lánastofnunum.

Verðbréfalán, endurgreiðsluferill og viðskipti með ríkisverðbréf


Meðalstaða verðbréfalána ríkisverðbréfa




Staða verðbréfalána eftir flokkum í lok síðasta mán.



Endurgreiðsluferill lána ríkissjóðs




Viðskipti með ríkisbréf í NASDAQ á Íslandi




Útboð ríkisvíxla

Útboð 3 mánaða ríkisvíxla




Útboð 6 mánaða ríkisvíxla




Vaxtaferlar

Verðtryggðir vaxtaferlar




Óverðtryggðir vaxtaferlar




Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa


Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa




Ávöxtunarkrafa stuttra og milli-langra óverðtryggðra ríkisbréfa



Ávöxtunarkrafa langra óverðtryggðra ríkisbréfa



Ávöxtunarkrafa verðtryggðra ríkisbréfa



Niðurstöður útboða


Útboð í milljónum króna frá ársbyrjun 2015

Dagsetning		Tilboð Söluverð	Tilboð Nafnverð	Fjöldi tilboða	Fjöldi samþ. tilboða	Ávöxtun, %	Samþykkt Söluverð	Samþykkt Nafnverð	Viðb. útgáfa nafnverð	Samtals að söluverði
Óverðtryggð ríkisbréf, sala										
16.01.15	RIKB 20 0205	2.149	2.100	11	11	5,71	2.149	2.100	115	2.266
16.01.15	RIKB 31 0124	9.314	9.300	32	27	6,48	6.410	6.400	635	7.046
06.02.15	RIKB 17 0206	3.265	3.280	15	9	5,25	1.622	1.630	0	1.622
20.02.15	RIKB 17 0206	11.293	11.330	6	5	5,18	10.296	10.330	1.023	11.316
20.02.15	RIKB 20 0205	842	830	7	2	5,89	274	270	27	301
31.03.15	RIKB 17 0206	992	1.000	7	7	5,46	992	1.000	0	992
17.04.15	RIKB 17 0206	793	800	5	4	5,52	694	700	60	753
17.04.15	RIKB 31 0124	3.545	3.720	20	18	7,00	3.355	3.520	0	3.355
08.05.15	RIKB 17 0206	1.485	1.500	5	2	5,60	1.188	1.200	0	1.188
03.07.15	RIKB 17 0206	3.224	3.300	12	12	6,55	3.224	3.300	280	3.498
03.07.15	RIKB 20 0205	4.731	4.850	16	11	6,88	4.048	4.150	365	4.404
21.08.15	RIKB 25 0612	19.055	16.900	38	4	6,22	4.510	4.000	400	4.961
04.09.15	RIKB 20 0205	1.513	1.500	8	7	6,01	1.412	1.400	0	1.412
Samtals		62.201	60.410				40.174	40.000	2.905	43.114

										Verðbætt söluverð
Verðtryggð ríkisbréf, sala										
10.02.15	RIKS 33 0321	443	393	Gjaldeyrisútboð		2,88	443	393		431
Samtals		443	393				443	393		431
									Samtals alls	43.546
Ríkisvíxlar, sala										
13.01.15	RIKV 15 0415	8.568	8.650	6	3	3,85	7.973	8.050		
13.01.15	RIKV 15 0715	550	560	4	2	3,80	353	360		
12.02.15	RIKV 15 0515	11.185	11.290	7	4	3,85	10.937	11.040		
12.02.15	RIKV 15 0817	0	160	2	0	0,00	0	0		
12.03.15	RIKV 15 0615	3.540	3.574	13	12	3,75	3.441	3.474		
12.03.15	RIKV 15 0915	4.336	4.420	6	6	3,81	4.336	4.420		
13.04.15	RIKV 15 0715	2.141	2.160	10	6	3,45	1.844	1.860		
13.04.15	RIKV 15 1015	3.476	3.540	13	11	3,60	3.378	3.440		
11.06.15	RIKV 15 1215	0	110	3	0	0,00	0	0		
12.05.15	RIKV 15 0817	7.326	7.390	10	5	3,35	6.830	6.890		
12.05.15	RIKV 15 1116	5.200	5.294	9	7	3,50	5.142	5.234		
11.06.15	RIKV 15 0915	4.243	4.284	14	8	3,75	3.203	3.234		
11.06.15	RIKV 15 1215	0	110	3	0	0,00	0	0		
13.07.15	RIKV 15 1015	3.011	3.040	10	5	3,75	2.318	2.340		
13.07.15	RIKV 16 0115	521	531	4	3	3,70	227	231		
13.08.15	RIKV 15 1116	7.714	7.791	9	7	3,95	7.417	7.491		
13.08.15	RIKV 16 0215	757	770	3	1	3,49	688	700		
11.09.15	RIKV 15 1215	3.837	3.875	9	6	3,95	3.391	3.425		
11.09.15	RIKV 16 0315	6.010	6.115	3	3	3,44	6.010	6.115		
Samtals		72.416	73.664				67.489	68.304		

Niðurstaða síðustu útboða

Niðurstöður síðustu útboða ríkisbréfa á söluverði



Næstu fyrirhuguðu útboðsdagar eru:


13. október 2015 - Útboð ríkisvíxla
23. október 2015 - Útboð ríkisbréfa

Samstarfsaðilar


Aðalmiðlarar ríkisverðbréfa	*Sími*	*Bloomberg*
Íslandsbanki	+354 440 4000	ISLA
Arion banki	+354 444 6000	KAUP
MP banki	+354 540 3200	MPBA
Landsbankinn	+354 410 4000	LAIS

Vaxta- og gengisþróun


Gengisskráning evru og veðlánavextir



Verðbólguálag



Óverðtryggðir ávöxtunarferlar




Ríkisábyrgðir


Staða ríkisábyrgða 2010–2015

M.kr.	Ágúst 2015	Eftirstöðvar í árslok 2014	2013	2012	2011	2010
Lánastofnanir	870.078	892.205	935.645	956.735	961.148	927.947
Íbúðalánasjóður	860.266	881.045	923.492	942.169	943.880	910.657
Byggðastofnun	9.813	11.160	12.153	14.565	16.993	17.038
Annað	0	0	0	0	275	253
Sameignar- og hlutafélög	295.777	317.940	324.844	358.920	250.744	251.455
Landsvirkjun sf	281.225	302.586	309.531	342.231	233.417	232.854
RARIK ohf.	1.911	2.075	2.343	2.638	2.794	3.063
Farice ehf.	7.542	7.588	6.446	6.828	7.025	7.357
Isavia ohf.	1.781	2.130	2.507	2.917	3.106	3.639
RÚV ohf.	2.585	2.760	3.224	3.479	3.553	3.685
Annað	733	801	793	828	849	857
Atvinnuvegir/sveitarfélög	2.287	2.440	3.760	3.964	5.357	5.242
Viðskiptabankar	0	0	0	0	1.608	1.693
Norræni fjárfestingarbankinn	2.267	2.411	2.956	3.110	2.855	2.709
Annað	20	29	804	854	894	840
Ríkisábyrgðir samtals	1.168.142	1.212.585	1.264.249	1.319.619	1.217.250	1.184.644


Heildarskuldir ríkissjóðs og hlutfall af VLF 2007-2015




Endurgreiðsluferill ríkisábyrgða




Hlutföll gjaldmiðla ríkisábyrgða



Hlutföll erlendra gjaldmiðla ríkisábyrgða



Vextir: Fastir vs. breytilegir



Skýringar:

- Ríkisábyrgðir eru birtar með áföllnum vöxtum og verðbótum. Ríkisábyrgðir í erlendri mynt eru birtar á sölugengi í lok tímabils. Tölur fyrir 2015 eru bráðabirgða.
- Tölur fyrir Íbúðalánasjóð sýna verðbréfaútgáfu með áföllnum vöxtum og verðbótum, utan húsbréfa, sem eru á markaðsvirði. Innifalið í tölum fyrir Íbúðalánasjóð eru íbúðabréf (HFF bréf) sem frátekin eru vegna samnings við aðalmiðlara.
- Ríkissjóður innleysti í árslok 2010 ábyrgðaskuldbindingar vegna Lánasjóðs Landbúnaðarins, Landsbanka Íslands hf, Glitnis banka hf, samtals að upphæð kr. 22,53 ma.kr.
- Ríkissjóður innleysti í árslok 2012 ábyrgðaskuldbindingar vegna Kaupþing banka hf, samtals að upphæð 1,5 ma.kr.
- Innstæður í íslenskum bönkum, sem ríkisábyrgðar njóta samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands, eru ekki meðtaldar í yfirliti yfir ríkisábyrgðir.